

Umferðarkönnun
Samgöngustofu og Landsbjargar
2019



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Staðsetningar og fjöldi ökutækja	3
Beltanotkun.....	5
Farsímanotkun undir stýri.....	7
Ljósanotkun.....	9
Hjálmanotkun.....	11
Niðurlag.....	12

Inngangur

Árið 2019 greiddi Samgöngustofa Landsbjörgu fyrir að framkvæma umferðarkönnun. Er ætlunin að sams konar könnun verði framkvæmd árlega næstu árin og verður þannig hægt að fylgjast með þróun á umferðarhegðun á Íslandi.

Valdir voru 42 staðir víðs vegar um landið og var ætlunin að fylgjast með á hverjum þeirra hvort ökumenn notuðu belt, voru í símanum og hvort ökuljósinn væru kveikt. Fleiri atriði voru skoðuð, s.s. kyn, aldur og hjálmanotkun bifhjóla- og hjólréiðamanna. Er svo ætlunin að skoða á sömu stöðum næstu ár og á svipuðum tíma ársins en árið 2019 var lagt upp með að framkvæma könnunina 16.-20. september. Langflestir framkvæmdu könnunina í þeirri viku.

Ekki tókst að framkvæma könnunina á öllum stöðunum og mjög misjafnt var hversu margir bílar voru skoðaðir á hverjum stað. Engu að síður verða sömu 42 staðir notaðir að ári og næstu ár þar á eftir og er vonast til að þeir staðir sem ekki reyndist unnt að framkvæma könnunina á þetta árið verði athugaðir næst.

Staðsetningar og fjöldi ökutækja

Eins og áður segir þá voru 42 staðir valdir. Af þeim tókst að framkvæma könnun á 33 stöðum. Er stöðunum skipt upp í þéttbýlisstaði og dreifbýlisstaði. Þéttbýlisstaðirnir eru inni í bæjarfélögum þar sem ágætislíkur eru á að fólk sé að ferðast innanbæjar en dreifbýlisstaðirnir voru þá frekar í jaðri þéttbýlisins þar sem ökumenn voru annað hvort á leið út á þjóðveginn eða að koma af þjóðvegi inn í bæ. Beltanotkun á þeim stöðum er væntanlega sú sama og á þjóðvegum þar sem ólíklegt er að fólk spennir beltin eða losi þau eftir að akstur hefst.

Þegar við skoðum hlutföll á landsvísi notumst við við fjölda þeirra sem voru skoðaðir í heildina. Það þýðir að þeir staðir þar sem flest ökutæki voru skoðuð vega þyngst og ef mikill munur er á milli staða landsins þá skekkir það e.t.v. heildarmyndina. Önnur aðferð væri að taka hlutfall á hverjum stað fyrir sig og skilgreina vægi þess í samræmi við íbúafjölda á staðnum. Þá myndi t.d. vægi hlutfallsins á Höfn blikna í samanburði við vægi hlutfallsins í Reykjavík en þar sem margir bílar voru skoðaðir á Höfn hefur Höfn meira vægi en Reykjavík í heildarhlutfallinu. Seinni aðferðin sem nefnd er væri vert að skoða en í þetta skiptið notum við aðeins fyrri aðferðina.

Í töflu 1 sjáum við lista yfir þá staði sem voru valdir og hversu mörg ökutæki á hverjum stað voru skoðuð.

Tafla 1. Staðir þar sem kannað var og fjöldi ökutækja á hverjum stað

		Dreifibýli eða þéttbýli	Bírfreið	Reiðhjól	Bífhjól	Samtals
Reykjavík	Hringtorg við Þingvallaafleggjara	D	0	0	0	0
Reykjavík	Gatnamót = Miklabraut/Langahlíð	Þ	157	8	2	167
Reykjavík	Hringtorg = Þjóðvegur 1/Norðlingavað/Vegbrekkur	D	79	0	0	79
Kópavogur	Hringtorg = Nybýlavegur/Lundur/Auðbrekka	Þ	377	6	0	383
Hafnarfjörður	Hringtorg = Reykjavíkurvegur/Vesturgata/Strandgata/Fjarðargata	Þ	103	11	1	115
Reykjanesbær	Hringtorg við Fitja = Reykjanesbraut 41/Stekkur	D	373	0	0	373
Garður	Hringtorg við Leifsstöð þar sem 429/45/41 mætast	D	505	0	0	505
Reykjanesbær	Hringtorg = Njarðarbraut/Flugvallarvegur/Hafnargata	Þ	237	0	4	241
Grindavík	Gatnamót = Heiðarhraun/Ránargata/Vikurbraut	Þ	87	4	0	91
Grindavík	Grindavíkurfleggjari, nær Grindavík	D	261	0	5	266
Akranes	Hringtorg = Stilholt/Skagabraut/Faxabraut/Garðabraut	Þ	203	0	1	204
Akranes	Hringtorg norðan við göng	D	247	0	2	249
Borgarnes	Gatnamót = Sæunnargata og Borgarbraut	Þ	126	0	0	126
Borgarnes	Hringtorg þar sem 1 og 54 mætast við Snæfellsnesveg	D	476	1	0	477
Ólafsvík	Gatnamót = Grundarbraut/Vallholt/Engihlíð	Þ	41	6	0	47
Snæfellsnes	Gatnamót þar sem 574 og 54 mætast Snæfellsnesvegur og Útnesvegur	D	0	0	0	0
Búðardalur	Gatnamót þar sem Vestfjarðarvegur (60) og Brekkuvammur mætast	D	186	2	0	188
Ísafjörður	Gatnamót = Austurvegur/Hafnarstræti	Þ	110	11	0	121
Ísafjörður	Gatnamót við flugvöll, Djúpvvegur (61)/Skutulsfjarðarvegur/Flugvallavegur	D	79	0	0	79
Bolungarvík	Gatnamót = Brimbrjótsgata/Hafnargata	Þ	0	0	0	0
Bolungarvík	Við Óshlíðargöng, Ósvararmegin	D	0	0	0	0
Patreksfjörður	Gatnamót = Strandgata/Aðalstræti/Þórsgata	Þ	0	0	0	0
Patreksfjörður	Gatnamót þar sem Bíldudalsvegur (63) og Strandgata	D	0	0	0	0
Bíldudalur	Gatnamót þar sem Bíldudalsvegur (63) og Dalbraut mætast	D	0	0	0	0
Sauðárkrúkur	Gatnamót = Hegrabraut/Sæmundarhlíð/Skagfirðingabraut	Þ	503	15	7	525
Sauðárkrúkur	Gatnamót þar sem Sauðárkróksbraut (75) og Siglufjarðarvegur (76) mætast	D	61	0	0	61
Siglufjörður	Gatnamót = Aðalgata/Grundargata	Þ	20	1	0	21
Siglufjörður	Við Strákagöng	D	0	0	0	0
Akureyri	Hringtorg = Miðhúsabraut/Dalsbraut/Kjarnagata	Þ	234	6	0	240
Akureyri	Þjóðvegur 1 við N1, Leirur, umferð að og frá plani í átt að Vaðlaheiði	D	194	5	0	199
Dalvík	Gatnamót = Goðabraut/Hólavegur	Þ	75	4	0	79
Dalvík	Við Olís, Skíðabraut 21, hornið syðst, umferð sem kemur inn í bæinn	D	62	0	0	62
Mývatn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Mývatnsvegur (848) mætast	D	120	1	0	121
Vopnafjörður	Hafnarbyggð	Þ	131	0	1	132
Egilsstaðir	Gatnamót = Tjarnarbraut/Selás	Þ	95	4	0	99
Egilsstaðir	Gatnamót þar sem Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) og Kaupvangur mætast	D	96	1	1	98
Fárskrúðsfjörður	Gatnamót þar sem Vattarnesvegur (95) og Þjóðvegur 1 mætast	D	49	0	3	52
Höfn	Gatnamót = Sandbakkavegur/Litlabrú	Þ	484	32	1	517
Höfn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Hafnarvegur (99) mætast	D	0	0	0	0
Selfoss	Gatnamót = Tryggvagata/Engjavegur	Þ	176	18	0	194
Selfoss	Hringtorg þar sem Suðurlandsvegur (1) og Gaulverjabæjarvegur mætast	D	98	0	0	98
Vestmannaeyjar	Hringtorg = Kirkjuvegur/Heiðarvegur/Hraunvegur	Þ	671	1	3	675
Samtals			6716	137	31	6884

Beltanotkun

Beltanotkun var könnuð í bifreiðum sem voru skoðaðar og í 99% tilvika var skráð beltanotkun. Í 1% var ekki unnt að sjá hvort belti væri spennt eða ekki. Beltanotkun á hverjum stað má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Beltanotkun á hverjum stað fyrir sig

		Dreifbyli eða þéttbyli	Ökumaður í belti	Ökumaður ekki í belti	Ökumaður í belti (%)	Ökumaður ekki í belti (%)
Reykjavík	Hringtorg við Þingvallaafleggjara	D	0	0		
Reykjavík	Gatnamót = Miklabraut/Langahlíð	Þ	153	1	99,4%	0,6%
Reykjavík	Hringtorg = Þjóðvegur 1/Norðlingavað/Vegbrekkur	D	71	6	92,2%	7,8%
Kópavogur	Hringtorg = Nybýlavegur/Lundur/Auðbrekka	Þ	361	16	95,8%	4,2%
Hafnarfjörður	Hringtorg = Reykjavíkurvegur/Vesturgata/Strandgata/Fjarðargata	Þ	100	2	98,0%	2,0%
Reykjanesbær	Hringtorg við Fitja = Reykjanesbraut 41/Stekkur	D	363	10	97,3%	2,7%
Garður	Hringtorg við Leifsstöð þar sem 429/45/41 mætast	D	461	41	91,8%	8,2%
Reykjanesbær	Hringtorg = Njarðarbraut/Flugvallarvegur/Hafnargata	Þ	222	13	94,5%	5,5%
Grindavík	Gatnamót = Heiðarhraun/Ránargata/Vikurbraut	Þ	71	11	86,6%	13,4%
Grindavík	Grindavíkurfleggjari, nær Grindavík	D	256	3	98,8%	1,2%
Akranes	Hringtorg = Stílholt/Skagabraut/Faxabraut/Garðabraut	Þ	179	10	94,7%	5,3%
Akranes	Hringtorg norðan við göng	D	234	4	98,3%	1,7%
Borgarnes	Gatnamót = Sæunnargata og Borgarbraut	Þ	48	70	40,7%	59,3%
Borgarnes	Hringtorg þar sem 1 og 54 mætast við Snæfellsnesveg	D	429	47	90,1%	9,9%
Ólafsvík	Gatnamót = Grundarbraut/Vallholt/Engihlíð	Þ	33	7	82,5%	17,5%
Snæfellsnes	Gatnamót þar sem 574 og 54 mætast Snæfellsnesvegur og Útnesvegur	D	0	0		
Búðardalur	Gatnamót þar sem Vestfjarðarvegur (60) og Brekkuhvammur mætast	D	153	33	82,3%	17,7%
Ísafjörður	Gatnamót = Austurvegur/Hafnarstræti	Þ	93	17	84,5%	15,5%
Ísafjörður	Gatnamót við flugvöll, Djúpvvegur (61)/Skutulsfjarðarvegur/Flugvallavegur	D	67	11	85,9%	14,1%
Bolungarvík	Gatnamót = Brimbjótsgata/Hafnargata	Þ	0	0		
Bolungarvík	Við Óshlíðargöng, Ósvararmegin	D	0	0		
Patreksfjörður	Gatnamót = Strandgata/Aðalstræti/Pórsgrata	Þ	0	0		
Patreksfjörður	Gatnamót þar sem Bíldudalsvegur (63) og Strandgata	D	0	0		
Bíldudalur	Gatnamót þar sem Bíldudalsvegur (63) og Dalbraut mætast	D	0	0		
Sauðárkrókur	Gatnamót = Hegrabraut/Sæmundarhlíð/Skagfirðingabraut	Þ	491	12	97,6%	2,4%
Sauðárkrókur	Gatnamót þar sem Sauðárkróksbraut (75) og Siglufjarðarvegur (76) mætast	D	60	0	100,0%	0,0%
Siglufjörður	Gatnamót = Aðalgata/Grundargata	Þ	14	4	77,8%	22,2%
Siglufjörður	Við Strákagöng	D	0	0		
Akureyri	Hringtorg = Miðhúsabraut/Dalsbraut/Kjarnagata	Þ	196	33	85,6%	14,4%
Akureyri	Þjóðvegur 1 við N1, Leirur, umferð að og frá plani í átt að Vaðlaheiði	D	171	18	90,5%	9,5%
Dalvík	Gatnamót = Goðabraut/Hólavegur	Þ	60	14	81,1%	18,9%
Dalvík	Við Olis, Skiðabraut 21, hornið syðst, umferð sem kemur inn í bæinn	D	52	10	83,9%	16,1%
Mývatn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Mývatnsvegur (848) mætast	D	111	9	92,5%	7,5%
Vopnafjörður	Hafnarbyggð	Þ	97	32	75,2%	24,8%
Egilsstaðir	Gatnamót = Tjarnarbraut/Selás	Þ	70	25	73,7%	26,3%
Egilsstaðir	Gatnamót þar sem Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) og Kaupvangur mætast	D	87	9	90,6%	9,4%
Farskrúðsfjörður	Gatnamót þar sem Vattarnesvegur (955) og Þjóðvegur 1 mætast	D	48	1	98,0%	2,0%
Höfn	Gatnamót = Sandbakkavegur/Litlabrú	Þ	364	117	75,7%	24,3%
Höfn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Hafnarvegur (99) mætast	D	0	0		
Selfoss	Gatnamót = Tryggvagata/Engjavegur	Þ	163	13	92,6%	7,4%
Selfoss	Hringtorg þar sem Suðurlandsvegur (1) og Gaulverjabæjarvegur mætast	D	92	6	93,9%	6,1%
Vestmannaeyjar	Hringtorg = Kirkjuvegur/Heiðarvegur/Hraunvegur	Þ	639	32	95,2%	4,8%
Samtals			6009	637	90,4%	9,6%

Neðst í töflu 2 sést að samkvæmt könnuninni er beltanotkun á Íslandi 90,4% meðal ökumanna ef ekki er greint á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Hins vegar sést í töflunni að mikill munur er á milli skoðunarstaða og er beltanotkun allt frá 40,7% innanbæjar í Borgarnesi í 100% innanbæjar á Sauðárkróki.

Munur er á beltanotkun í þéttbýli og dreifbýli og er fólk duglegra að spenna á sig beltin í dreifbýlinu. Væntanlega upplifir fólk sig í meiri hættu þar enda hraðinn meiri og vegalengdir lengri. Muninn á dreifbýli og þéttbýli má sjá í töflu 3. Í töflu 4 skoðum við svo beltanotkun eftir aldri og kyni, annars vegar í dreifbýli og hins vegar í þéttbýli.

Tafla 3. Beltanotkun í þéttbýli og dreifbýli

	Ökumaður í belt	Ökumaður ekki í belt	Ökumaður í belt (%)	Ökumaður ekki í belt (%)
Dreifbýli - utanbæjarumferð	2655	208	92,7%	7,3%
Þéttbýli - innanbæjarumferð	3354	429	88,7%	11,3%
Samtals	6009	637	90,4%	9,6%

Tafla 4. Beltanotkun í þéttbýli og dreifbýli eftir aldri og kyni

	Dreifbýli - utanbæjarumferð			Þéttbýli - innanbæjarumferð		
	Ökumaður í belt	Ökumaður ekki í belt	Ökumaður í belt (%)	Ökumaður í belt	Ökumaður ekki í belt	Ökumaður í belt (%)
Ungur (17-35 ára)	849	60	93,4%	903	102	89,9%
Miðjum aldri (36-64 ára)	1539	132	92,1%	1992	281	87,6%
Eldri (65 ára eða eldri)	243	16	93,8%	443	45	90,8%
KK	1834	173	91,4%	1972	320	86,0%
KVK	800	35	95,8%	1354	103	92,9%

Á töflum 3 og 4 sjáum við nokkuð góða mynd af beltanotkun á Íslandi. Eins og áður sagði er meiri beltanotkun í utanbæjarakstri en innanbæjar en einnig sjáum við að konur eru duglegri að spenna á sig beltid heldur en karlar. Ekki er mikill munur á beltanotkun eftir aldri, þó virðist fólk á miðjum aldri síst líklegt til þess að spenna beltin en munurinn er þó ekki mikill.

Farsímanotkun undir stýri

Farsímanotkun var einnig athuguð. Þar sem þessi könnun athugar ákveðinn tímapunkt fæst mun lægra hlutfall heldur en þegar fólk er spurt hvort það noti farsíma aldrei, sjaldan, stundum eða oft þess konar könnun nær í raun yfir t.d. sex mánuði en þessi könnun nær í raun yfir eina sekúndu hjá hverjum og einum. Niðurstöður um farsímanotkun eftir skoðunarstöðum má sjá í töflu 5.

Tafla 5. Farsímanotkun undir stýri á hverjum stað fyrir sig

		Dreifbyli eða þéttbyli	Ökumaður í farsíma	Ökumaður ekki í farsíma	Ökumaður í farsíma (%)	Ökumaður ekki í farsíma (%)
Reykjavík	Hringtorg við Þingvallaafleggjara	D	0	0		
Reykjavík	Gatnamót = Miklabraut/Langahlíð	Þ	13	143	8,3%	91,7%
Reykjavík	Hringtorg = Þjóðvegur 1/Norðlingavað/Vegbrekkur	D	6	71	7,8%	92,2%
Kópavogur	Hringtorg = Nybýlavegur/Lundur/Auðbrekka	Þ	16	359	4,3%	95,7%
Hafnarfjörður	Hringtorg = Reykjavíkurvegur/Vesturgata/Strandgata/Fjarðargata	Þ	1	75	1,3%	98,7%
Reykjanesbær	Hringtorg við Fitja = Reykjanesbraut 41/Stekkur	D	0	370	0,0%	100,0%
Garður	Hringtorg við Leifsstöð þar sem 429/45/41 mætast	D	37	458	7,5%	92,5%
Reykjanesbær	Hringtorg = Njarðarbraut/Flugvallarvegur/Hafnargata	Þ	14	222	5,9%	94,1%
Grindavík	Gatnamót = Heiðarhraun/Ránargata/Víkurbraut	Þ	1	85	1,2%	98,8%
Grindavík	Grindavíkurfleggjari, nær Grindavík	D	4	241	1,6%	98,4%
Akranes	Hringtorg = Stíllholt/Skagabraut/Faxabraut/Garðabraut	Þ	2	199	1,0%	99,0%
Akranes	Hringtorg norðan við göng	D	6	241	2,4%	97,6%
Borgarnes	Gatnamót = Sæunnargata og Borgarbraut	Þ	16	105	13,2%	86,8%
Borgarnes	Hringtorg þar sem 1 og 54 mætast við Snæfellsnesveg	D	12	464	2,5%	97,5%
Ólafsvík	Gatnamót = Grundarbraut/Vallholt/Engihlíð	Þ	1	40	2,4%	97,6%
Snæfellsnes	Gatnamót þar sem 574 og 54 mætast Snæfellsnesvegur og Útnesvegur	D	0	0		
Búðardalur	Gatnamót þar sem Vestfjarðarvegur (60) og Brekkuvammur mætast	D	3	182	1,6%	98,4%
Ísafjörður	Gatnamót = Austurvegur/Hafnarstræti	Þ	2	106	1,9%	98,1%
Ísafjörður	Gatnamót við flugvöll, Djúpvvegur (61)/Skutulsfjarðarvegur/Flugvallarvegur	D	3	76	3,8%	96,2%
Bolungarvík	Gatnamót = Brimbrjótsgata/Hafnargata	Þ	0	0		
Bolungarvík	Við Óshlíðargöng, Ósvararmegin	D	0	0		
Patreksfjörður	Gatnamót = Strandgata/Aðalstræti/Pórgata	Þ	0	0		
Patreksfjörður	Gatnamót þar sem Bildudalsvegur (63) og Strandgata	D	0	0		
Bildudalur	Gatnamót þar sem Bildudalsvegur (63) og Dalbraut mætast	D	0	0		
Sauðárkrókur	Gatnamót = Hegrabraut/Sæmundarhlíð/Skagfirðingabraut	Þ	15	488	3,0%	97,0%
Sauðárkrókur	Gatnamót þar sem Sauðárkróksbraut (75) og Siglufjarðarvegur (76) mætast	D	1	60	1,6%	98,4%
Siglufjörður	Gatnamót = Aðalgata/Grundargata	Þ	2	17	10,5%	89,5%
Siglufjörður	Við Strákagöng	D	0	0		
Akureyri	Hringtorg = Miðhúsabraut/Dalsbraut/Kjarnagata	Þ	2	229	0,9%	99,1%
Akureyri	Þjóðvegur 1 við N1, Leirur, umferð að og frá plani í átt að Vaðlaheiði	D	8	186	4,1%	95,9%
Dalvík	Gatnamót = Goðabraut/Hólavegur	Þ	1	73	1,4%	98,6%
Dalvík	Við Olis, Skiðabraut 21, hornið syðst, umferð sem kemur inn í bæinn	D	0	62	0,0%	100,0%
Mývatn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Mývatnsvegur (848) mætast	D	3	114	2,6%	97,4%
Vopnafjörður	Hafnarbyggð	Þ	3	127	2,3%	97,7%
Egilsstaðir	Gatnamót = Tjarnarbraut/Selás	Þ	1	94	1,1%	98,9%
Egilsstaðir	Gatnamót þar sem Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) og Kaupvangur mætast	D	2	94	2,1%	97,9%
Fárskrúðsfjörður	Gatnamót þar sem Vattarnesvegur (955) og Þjóðvegur 1 mætast	D	1	48	2,0%	98,0%
Höfn	Gatnamót = Sandbakkavegur/Litlabrú	Þ	11	453	2,4%	97,6%
Höfn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Hafnarvegur (99) mætast	D	0	0		
Selfoss	Gatnamót = Tryggvagata/Engjavegur	Þ	1	175	0,6%	99,4%
Selfoss	Hringtorg þar sem Suðurlandsvegur (1) og Gaulverjabæjarvegur mætast	D	0	98	0,0%	100,0%
Vestmannaeyjar	Hringtorg = Kirkjuvegur/Heiðarvegur/Hraunvegur	Þ	5	666	0,7%	99,3%
Samtals			193	6421	2,9%	97,1%

Á töflu 5 sést að skv. könnuninni eru 2,9% ökumanna í símanum á hverjum tímapunkti. Athygli vekur að hæsta notkunarhlutfall farsíma er á sama stað og versta beltanotkunin, innanbæjar í Borgarnesi en þar voru rúm 13% ökumanna í símanum. Samanburður á farsímanotkun í þéttbýli og dreifbýli má finna í töflu 6.

Tafla 6. Farsímanotkun undir stýri í þéttbýli og dreifbýli

	Ökumaður í farsíma	Ökumaður ekki í farsíma	Ökumaður í farsíma (%)	Ökumaður ekki í farsíma (%)
Dreifbýli - utanbæjarumferð	86	2765	3,0%	97,0%
Þéttbýli - innanbæjarumferð	107	3656	2,8%	97,2%
Samtals	193	6421	2,9%	97,1%

Á töflunni sést að lítill munur er á farsímanotkuninni í dreifbýli og þéttbýli. Ástæðan er fyrst og fremst sú að nálgunin sem gerð var með beltanotkunina, að fólk spennir ekki beltin eða losar þau eftir að akstur hefst, á ekki við hvað farsímanotkun varðar. Þó svo að beltanotkun sé sú sama alla ferðina þá er farsímanotkunin ekki sú sama frá upphafspunkti til áfangastaðar. Athugunarstaðirnir fyrir dreifbýli voru allir á mörkum dreifbýlis og þéttbýlis og alls ekki víst að farsímanotkunin sé sú sama á miðjum þjóðvegi eins og í jaðri þéttbýlis. Af þessum sökum höfum við ekki almennileg gögn yfir farsímanotkun í dreifbýli. Við samanburð á aldri og kynjum er því aðeins skoðuð farsímanotkun heilt yfir sem segja má að endurspeglir fyrst og fremst farsímanotkun í þéttbýli. Þennan samanburð má sjá í töflu 7.

Tafla 7. Farsímanotkun undir stýri eftir aldri og kyni

	Ökumaður í farsíma	Ökumaður ekki í farsíma	Ökumaður í farsíma (%)
Ungur (17-35 ára)	78	1837	4,1%
Miðjum aldri (36-64 ára)	107	3829	2,7%
Eldri (65 ára eða eldri)	7	742	0,9%
KK	129	4179	3,0%
KVK	63	2216	2,8%

Við sjáum á töflu 7 að lítill munur er á kynjum hvað varðar farsímanotkun, þó eru karlmenn í aðeins meira mæli í símanum. Töluverður munur er þó á farsímanotkuninni og notar unga fólkið farsímamenn mest en þeir elstu minnst. Óhætt er að segja að sú niðurstaða komi ekki á óvart.

Ljósanotkun

Ljósanotkun var athuguð. Ef bæði ljós voru slökkt var skráð að ljósin væru slökkt en ef annað ljósið var kveikt þá var skráð að ljósin væru biluð. Niðurstöðurnar má finna í töflum 8-10.

Tafla 8. Ljósanotkun á hverjum stað fyrir sig

		Dreifbyli eða þéttbyli	Ljós kveikt	Ljós slökkt	Ljós biluð	Ljós kveikt (%)	Ljós slökkt (%)	Ljós biluð (%)
Reykjavík	Hringtorg við Þingvallaafleggjara	D	0	0	0			
Reykjavík	Gatnamót = Miklabraut/Langahlíð	Þ	131	12	13	84,0%	7,7%	8,3%
Reykjavík	Hringtorg = Þjóðvegur 1/Norðlingavað/Vegbrekkur	D	73	0	3	96,1%	0,0%	3,9%
Kópavogur	Hringtorg = Nybýlavegur/Lundur/Auðbrekka	Þ	337	39	1	89,4%	10,3%	0,3%
Hafnarfjörður	Hringtorg = Reykjavíkurvegur/Vesturgata/Strandgata/Fjarðargata	Þ	86	17	0	83,5%	16,5%	0,0%
Reykjanesbær	Hringtorg við Fitja = Reykjanesbraut 41/Stekkur	D	316	30	27	84,7%	8,0%	7,2%
Garður	Hringtorg við Leifsstöð þar sem 429/45/41 mætast	D	435	41	29	86,1%	8,1%	5,7%
Reykjanesbær	Hringtorg = Njarðarbraut/Flugvallarvegur/Hafnargata	Þ	192	38	7	81,0%	16,0%	3,0%
Grindavík	Gatnamót = Heiðarhraun/Ránargata/Vikurbraut	Þ	80	5	0	94,1%	5,9%	0,0%
Grindavík	Grindavíkurfleggjari, nær Grindavík	D	233	21	6	89,6%	8,1%	2,3%
Akranes	Hringtorg = Stíllholt/Skagabraut/Faxabraut/Garðabraut	Þ	199	0	4	98,0%	0,0%	2,0%
Akranes	Hringtorg norðan við göng	D	246	0	0	100,0%	0,0%	0,0%
Borgarnes	Gatnamót = Sæunnargata og Borgarbraut	Þ	114	11	0	91,2%	8,8%	0,0%
Borgarnes	Hringtorg þar sem 1 og 54 mætast við Snæfellsnesveg	D	361	87	28	75,8%	18,3%	5,9%
Ólafsvík	Gatnamót = Grundarbraut/Vallholt/Engihlíð	Þ	41	0	0	100,0%	0,0%	0,0%
Snæfellsnes	Gatnamót þar sem 574 og 54 mætast Snæfellsnesvegur og Útnesvegur	D	0	0	0			
Búðardalur	Gatnamót þar sem Vestfjarðarvegur (60) og Brekkuvammur mætast	D	171	11	4	91,9%	5,9%	2,2%
Ísafjörður	Gatnamót = Austurvegur/Hafnarstræti	Þ	94	13	3	85,5%	11,8%	2,7%
Ísafjörður	Gatnamót við flugvöll, Djúpvvegur (61)/Skutulsfjarðarvegur/Flugvallarvegur	D	73	1	5	92,4%	1,3%	6,3%
Bolungarvík	Gatnamót = Brimbjótsgata/Hafnargata	Þ	0	0	0			
Bolungarvík	Við Óshlíðargöng, Ósvararmegin	D	0	0	0			
Patreksfjörður	Gatnamót = Strandgata/Aðalstræti/Þórsgrata	Þ	0	0	0			
Patreksfjörður	Gatnamót þar sem Bildudalsvegur (63) og Strandgata	D	0	0	0			
Bildudalur	Gatnamót þar sem Bildudalsvegur (63) og Dalbraut mætast	D	0	0	0			
Sauðárkrókur	Gatnamót = Hegrabraut/Sæmundarhlíð/Skagfirðingabraut	Þ	493	9	1	98,0%	1,8%	0,2%
Sauðárkrókur	Gatnamót þar sem Sauðárkróksbraut (75) og Siglufjarðarvegur (76) mætast	D	60	1	0	98,4%	1,6%	0,0%
Siglufjörður	Gatnamót = Aðalgata/Grundargata	Þ	17	1	2	85,0%	5,0%	10,0%
Siglufjörður	Við Strákagöng	D	0	0	0			
Akureyri	Hringtorg = Miðhúsabraut/Dalsbraut/Kjarnagata	Þ	225	7	2	96,2%	3,0%	0,9%
Akureyri	Þjóðvegur 1 við N1, Leirur, umferð að og frá plani í átt að Vaðlaheiði	D	180	9	5	92,8%	4,6%	2,6%
Dalvík	Gatnamót = Goðabraut/Hólavegur	Þ	74	0	1	98,7%	0,0%	1,3%
Dalvík	Við Olis, Skiðabraut 21, hornið syðst, umferð sem kemur inn í bæinn	D	60	0	2	96,8%	0,0%	3,2%
Myvatn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Myvatnsvegur (848) mætast	D	95	21	2	80,5%	17,8%	1,7%
Vopnafjörður	Hafnarbyggð	Þ	127	3	1	96,9%	2,3%	0,8%
Egilsstaðir	Gatnamót = Tjarnarbraut/Selás	Þ	73	18	4	76,8%	18,9%	4,2%
Egilsstaðir	Gatnamót þar sem Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) og Kaupvangur mætast	D	64	29	3	66,7%	30,2%	3,1%
Farskrúðsfjörður	Gatnamót þar sem Vattarnesvegur (955) og Þjóðvegur 1 mætast	D	45	3	1	91,8%	6,1%	2,0%
Höfn	Gatnamót = Sandbakkavegur/Litlabrú	Þ	443	33	7	91,7%	6,8%	1,4%
Höfn	Gatnamót þar sem Þjóðvegur 1 og Hafnarvegur (99) mætast	D	0	0	0			
Selfoss	Gatnamót = Tryggvagata/Engjavegur	Þ	161	15	0	91,5%	8,5%	0,0%
Selfoss	Hringtorg þar sem Suðurlandsvegur (1) og Gaulverjabæjarvegur mætast	D	93	5	0	94,9%	5,1%	0,0%
Vestmannaeyjar	Hringtorg = Kirkjuvegur/Heiðarvegur/Hraunvegur	Þ	662	8	1	98,7%	1,2%	0,1%
Samtals			6054	488	162	90,3%	7,3%	2,4%

Tafla 9. Ljósanotkun í þéttbýli og dreifbýli

	Ljós kveikt	Ljós slökkt	Ljós biluð	Ljós kveikt (%)	Ljós slökkt (%)	Ljós biluð (%)
Dreifbýli - utanbæjarumferð	2505	259	115	87,0%	9,0%	4,0%
Þéttbýli - innanbæjarumferð	3549	229	47	92,8%	6,0%	1,2%
Samtals	6054	488	162	90,3%	7,3%	2,4%

Tafla 10. Ljósanotkun eftir aldri og kyni

	Dreifbýli - utanbæjarumferð						Þéttbýli - innanbæjarumferð					
	Ljós kveikt	Ljós slökkt	Ljós biluð	Ljós kveikt (%)	Ljós slökkt (%)	Ljós biluð (%)	Ljós kveikt	Ljós slökkt	Ljós biluð	Ljós kveikt (%)	Ljós slökkt (%)	Ljós biluð (%)
Ungur (17-35 ára)	790	85	41	86,2%	9,3%	4,5%	958	50	14	93,7%	4,9%	1,4%
Miðjum aldri (36-64 ára)	1464	151	61	87,4%	9,0%	3,6%	2102	157	31	91,8%	6,9%	1,4%
Eldri (65 ára eða eldri)	229	21	13	87,1%	8,0%	4,9%	474	19	2	95,8%	3,8%	0,4%
KK	1744	193	81	86,4%	9,6%	4,0%	2153	141	31	92,6%	6,1%	1,3%
KVK	744	62	34	88,6%	7,4%	4,0%	1363	85	16	93,1%	5,8%	1,1%

Í töflum 8 og 9 sést að 90,3% bifreiða eru með ljósin kveikt, 7,3% með ljósin slökkt og 2,4% bifreiða eru eineygðar. Flestir staðir hafa yfir 90% ljósanotkun en Egilsstaðir skera sig talsvert úr, bæði í þéttbýli og í dreifbýli. Einnig er áberandi slæm ljósanotkun í hringtorgi norðan við Borgarnes. Talsvert fleiri eru með slökkt ljós í dreifbýli heldur en þéttbýli sem kemur nokkuð á óvart. 87% bifreiða í dreifbýli eru með ljósin kveikt en 92,8% í þéttbýli. Ekki er greinilegur munur á aldri eða kynjum hvað varðar ljósanotkun.

Hjálmanotkun

Hjálmanotkun bifhjólamanna og hjólreiðamanna var athuguð. Úrtakið var of lítið til þess að marktækt sé að greina niðurstöðurnar eftir athugunarstöðum. Hins vegar er hægt að greina þær eftir þéttbýli og dreifbýli sem og aldri og kyni. Slíkar athuganir má finna í töflum 11-14.

Tafla 11. Hjálmanotkun bifhjólamanna í þéttbýli og dreifbýli

	Bifhjólamaður með hjálm	Bifhjólamaður ekki með hjálm	Bifhjólamaður með hjálm (%)	Bifhjólamaður ekki með hjálm (%)
Dreifbýli - utanbæjarumferð	9	0	100,0%	0,0%
Þéttbýli - innanbæjarumferð	15	3	83,3%	16,7%
Samtals	24	3	88,9%	11,1%

Tafla 12. Hjálmanotkun bifhjólamanna eftir aldri og kyni

	Bifhjólamaður með hjálm	Bifhjólamaður ekki með hjálm	Bifhjólamaður með hjálm (%)
Ungur (17-35 ára)	11	2	84,6%
Miðjum aldri (36-64 ára)	11	0	100,0%
Eldri (65 ára eða eldri)	0	1	0,0%
KK	20	2	90,9%
KVK	2	1	66,7%

Tafla 13. Hjálmanotkun hjólreiðamanna í þéttbýli og dreifbýli

	Hjólreiðamaður með hjálm	Hjólreiðamaður ekki með hjálm	Hjólreiðamaður með hjálm (%)	Hjólreiðamaður ekki með hjálm (%)
Dreifbýli - utanbæjarumferð	8	2	80,0%	20,0%
Þéttbýli - innanbæjarumferð	88	37	70,4%	29,6%
Samtals	96	39	71,1%	28,9%

Tafla 14. Hjálmanotkun hjólreiðamanna eftir aldri og kyni

	Hjólreiðamaður með hjálm	Hjólreiðamaður ekki með hjálm	Hjólreiðamaður með hjálm (%)
Ungur (17-35 ára)	54	21	72,0%
Miðjum aldri (36-64 ára)	33	15	68,8%
Eldri (65 ára eða eldri)	3	2	60,0%
KK	48	19	71,6%
KVK	36	17	67,9%

Í töflu 11 sjáum við að hjálmanotkun bifhjólamanna á Íslenskum vegum virðist vera um 89% og er hlutfallið hærra í dreifbýli en þéttbýli. Hins vegar er úrtakið mjög lítið og erfitt að draga afgerandi ályktanir út frá þessum tölum. Í töflu 12 sjáum við svo aftur að tölurnar eru líklega of lágar til að vera marktækar þegar greint er niður á aldur og kyn.

Tafla 13 sýnir okkur að hjálmanotkun hjólreiðamanna virðist meiri í dreifbýli en í þéttbýli, 80% m.v. 70,4% en hins vegar er úrtakið nánast allt úr þéttbýli og fæst því heildarhjalmanotkun mjög nálægt 70,4% eða 71,1%. Hjalmanotkun hjólreiðamanna er mjög svipuð meðal ungra hjólreiðamanna og hjólreiðamanna á miðjum aldri. Talsvert lægra er hlutfallið hjá elsta hópnum en þar er talan einnig óáreiðanlegust þar sem úrtakið er svo lítið. Einnig sjáum við að karlmenn eru duglegri við að nota hjálminn en konur.

Niðurlag

Niðurstöðurnar í þessari könnun gefa til kynna að tækifæri eru víða til að gera betur en ýmislegt er þegar komið á góðan stað. Beltanotkun er víða í Evrópu betri en á Íslandi og ljóst að ef við ætlum að vera í hópi þeirra bestu þurfum við að gera betur. 2,9% ökumanna voru í símanum við akstur. Það hljómar e.t.v. ekki há tala en þetta er aðeins farsímanotkunin á þeirri sekúndu sem könnunin var framkvæmd – og gefur þessi niðurstaða því til kynna að á hverjum tímapunkti eru 2,9% ökumanna í símanum. Í ljósi afleiðinganna sem slík hegðun getur haft er ljóst að við þurfum að ná þessu hlutfalli niður.

Vonir standa til að hægt verði að athuga næst á þeim stöðum sem ekki var athugað á að þessu sinni og ná þannig enn betri dreifni og áreiðanlegri tölum. Einnig verður skoðað síðar hvort tölur fyrir ákveðna staði eigi að vega m.v. íbúafjölda á staðnum eða hvort tölurnar eigi að vega m.v. fjölda bíla sem voru skoðaðir, eins og er í þessari könnun.

Umferðarkönnun 2019 er sú fyrsta af árlegum sambærilegum könnunum og munu niðurstöður hennar því gagnast sem núllpunktur í tilraunum okkar til að bæta umferðarmenningu á Íslandi, þ.e. auka beltanotkun, ljósanotkun og hjálmanotkun og draga úr farsímanotkun undir stýri.